

## **Aðalfundur 3F Félags um upplýsingatækni og menntun haldinn 7.júní í húsnæði Kennaraháskóla Íslands fyrir list- og verkgreinar í Skipholti 37, 3.hæð, stofum L302 og L303.**

Fundurinn hófst kl. 16:00

Fundinn sátu: Stjórnarmenn: Sólveig Friðriksdóttir formaður, Fjóla Þorvaldsdóttir gjaldkeri, Salvör Gissurardóttir, Sólveig Jakobsdóttir (sem var ritari þessa fundar) og Þorbjörg Garðarsdóttir. Aðrir: Björn Sigurðsson, Fanný K. Heimisdóttir, Hallur Karlsson, Kristján Kristjánsson og Sigurður Fjalar Jónsson

### Dagskrá

1. Formaður félagsins setur fund og tilnefnir fundarstjóra.
2. Skýrsla formanns.
3. Lagðir fram reikningar síðasta fjárhagsárs.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Önnur mál.

1. Setning fundar og tilnefning fundarstjóra Sólveig Friðriksdóttir formaður félagsins setti fundinn og tilnefndi Þorbjörgu Garðarsdóttur sem fundarstjóra. Einnig kynntu allir viðstaddir sig.

2. Skýrsla formanns Sólveig Friðriksdóttir, sem tekið hafði við sem formaður félagsins fyrir tæpu ári á aðalfundi félagsins 20.júní 2005 gerði grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári og voru nokkur mál rædd í því samhengi.

Meðal helstu verkefna var málþing sem haldið var 14.-15.október í Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FSS) sem formaður taldi mjög vel heppnað. Þorbjörg Garðarsdóttir sem starfar við FSS kom því til leiðar að skólinn var lánaður til málþinghaldsins og framhaldsnemar í KHÍ á námskeiði hjá Sólveigu Jakobsdóttir um fjarnám og -kennslu komu að skipulagningu þingsins í samvinnu við 3f. Settur var upp vefur fyrir málþingið og voru fyrirlestrar aðgengilegir á síðunni. Meðal annarra verkefna félagsins var að fara yfir styrkumsóknir í þróunarsjóð framhaldsskóla en fyrir það fæst fast gjald (sem nemur mánaðargreiðslu skv. ákveðnum launaflokki).

Haldinn er fundur hjá Endurmenntunarstofnun HÍ (EHÍ) árlega sem fulltrúi 3f sótti einnig á sl. vetri þar sem farið er yfir hagnýtar leiðbeiningar vegna sumarnámskeiða.

Sótti félagið um að halda nokkur námskeið en höfðum ekki erindi sem erfiði að þessu sinni. Fram kom fyrirspurn um hvort félagið hefði haldið fund í fyrra og kom fram að svo hefði verið.

Salvör Gissurardóttir hélt námskeið um skjákennslu. Fræðslufundur var einnig sóttur í sambandi við nýjungar í námskeiðum. Félagið hefði gjarnan viljað bjóða upp á námskeið að vetri. Hallur minnti á að lengi hefðu verið haldin námskeið í HR (á vegum félagsins) og taldi það góðan kost. Salvör taldi að félagið ætti kannski að senda inn færri umsóknir næsta ár en þetta árið – kannski hefðu þær verið of margar.

Sólveig F. greindi stuttlega frá aðkomu félagsins að endurskoðun námskrár á sviði upplýsingatækni. Hún hefur sjálf á undanförunu ári verið fulltrúi 3f í vinnuhópi sem hefur

verið falið af menntamálaráðuneytinu að endurskoða námskrár í upplýsinga- og tæknimennt. Var 3f beðið að kom með álitsgerð að beiðni þess vinnuhóps fyrir rúmu ári, vorið 2005 (í formannstíð Láru Stefánsdóttur) og var það gert en endurskoðuninni átti að ljúka í lok júlí það ár. Nefndin lagði m.a. til að yrði aukin sérstök kennsla á sviði UT bæði í grunn- og framhaldsskóla. Ráðuneytið var hins vegar ekki tilbúið að samþykkja tillögur hópsins og var annar hópur skipaður en nýjar tillögur eru ennþá í vinnslu. En nokkur styr stóð m.a. um hvernig kennslan ætti að ganga fyrir sig. Meðal annars sem gert var í félaginu var endurskoðun póstlistans og skráningar á hann en þörf er á ennþá meiri vinnu á því sviði. Einnig kom beiðni um að félagið tilnefndi fulltrúa í norrænt tengslanet sem tengdist fullorðinsfræðslu. Hróbjartur Árnason, lektor við KHÍ tók það að sér.

Framundan er svo ráðstefna um menntamál sem haldin verður á Akureyri 29. - 30. september 2006 og var félagið beðið um að skipuleggja málstofur þar sem kennarar skólastiganna gætu spjallað saman um fagið sitt. Stjórn 3f hafði ákveðið að bjóða upp á tvær málstofur.

Ákveðið hafði verið í stjórninni að Salvör Gissurardóttir, lektor við KHÍ, sæi um að skipuleggja og stýra annarri málstofunni sem yrði væntanlega í boði á Netinu á viðkomandi tíma (með þá möguleika á fleiri þátttakendum) um fjarnám og netkennslu (s.s. aðgengileg verkfæri sem virka og áhrif tæknibreytinga á skólastarf, t.d. næstu fimm árin). Sólveig Jakobsdóttir, dósent við KHÍ, sæi um að skipuleggja hina málstofuna sem gæti tengst t.d. fagmenntun kennara á svið UT og/eða upplýsinga- og tæknimennt í grunnskólum. Sólveig F. Nefndi einnig að áhugi væri á að sameina gamla vélritunarfélagið (félag ritvinnslukennara?) en það félag hefur einkum séð um málefni grunnskólans. Sólveig F. var í stjórn þess félags. En spurning væri ef félögin sameinuðust hvort ástæða væri til deildarskiptingar eftir skólastigum. Félagið 3f hét upphaflega félag foritara fræðslukerfisins og tengdist þá mest kennslu á framhaldsskólastigi en svo breyttust áherslurnar og urðu mun víðtækari. Sólveig nefndi einnig að félagið hefði veitt stjórnarmönnum styrk til að fara á UT- ráðstefnuna á Grundarfirði sl. mars.

Einnig kom fram að stjórnin hafði samþykkt beiðni Fjólu Þorvaldsdóttur og tekið þá ákvörðun að styrkja heimsókn Rachel Ager til Íslands, en hún er verkefnisstjóri og frumkvöðull á sviði upplýsingatækni í leikskólastarfi. Er hún er væntanleg til Íslands á vegum félagsins og sveitarfélaga 23. október og mun þá halda erindi. Hallur gerði athugasemd við þá ákvörðun og taldi ekki rétt að félagið styrkti slíkar heimsóknir. Sigurður Fjalar taldi þetta hins vegar spennandi, mikill kraftur væri í leikskólastarfinu og þar væri vaxtarbroddur og Fjóla taldi einnig að margir úr grunnskólanum myndu einnig hafa áhuga á erindinu og að gerði ráð fyrir að um 100 manns vildu hlusta á framlag Rachel Ager. Salvör taldi eðlilegt að peningum væri varið með þessum hætti og að félagið hefði t.d. oft stutt formanninn til að fara á ráðstefnur.

### 3. Lagðir fram reikningar síðasta fjárhagsárs

Fjóla Þorvaldsdóttir, gjaldkeri félagsins lagði fram reikninga þess og kynnti þá breytingu sem gerð hafði verið að fé hefði verið fært inn á nýjan mun hagstæðari reikning en áður með vöxtum og verðtryggingu. Eignir og tekjur félagsins námu 1.630.784. Gerð var athugasemd við að það vantaði færslu frá ráðunehyti og ætti eftir að gera upp kostnað vegna námskeiðs frá fyrra ári sem haldið var af Salvöru Gissurardóttur. En reikningar voru samþykktir af meirihluta (7 atkvæði af 10) með athugasemd að þörf væri á að lagfæra framsetninguna að þessu leyti sem gjaldkeri kvaðst myndu ganga strax í. Umræða skapaðist í tengslum við árlegar greiðslur ráðuneytis að standa þyrfti vörð um þær. Nefnt var að Elín Skarphéðinsdóttir tengiliður ráðuneytis um þessar greiðslur væri að hætta og þyrfti e.t.v. að

hafa fyrir að halda þeim inni. Hallur taldi að varasamt gæti verið að sameina félög (sjá skýrslu formanns) af þeim sökum – það gæti þá dregið úr árlegum framlögum.

4. Lagabreytingar Engar lagabreytingar voru lagðar fram.

5. Kosning stjórnar Núverandi stjórn - Sólveig Friðriksdóttir (formaður), Fjóla Þorvaldsdóttir (gjaldkeri), Salvör Gissurardóttir, Sólveig Jakobsdóttir og Þorbjörg Garðarsdóttir (meðstjórnendur) - buðu sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu.

Umræða skapaðist um að stjórnin væri einsleit hvað kyn varðaði og einnig vantaði fulltrúa af grunnskólastiginu. Aðrir buðu sig þó ekki fram til stjórnarsetu að þessu sinni og var stjórnin kosin með meirihluta greiddra atkvæða. Bókað var hins vegar að Hallur og Kristján lýstu sig fúsa til að vinna að stofnun hóps í samvinnu við stjórn við að ahtuga leiðir til að efla tæknikennara í framhaldsskólum.

6. Kosning endurskoðanda. Nýr endurskoðandi var kosinn, Kristján Kristjánsson úr Iðnskólanum í Reykjavík sem mun verða endurskoðandi félagsins ásamt þeim Elínu Jóhannsdóttur og Höllu Gísladóttur sem einnig voru kosnar til áframhaldandi starfa sem endurskoðendur félagsins.

7. Önnur mál Umræða var um kosti þess og galla að öll skólastigin ættu fulltrúa í félaginu (sjá einnig umræðu í tengslum við reikninga félagsins). Salvör stakk upp á að halda netráðstefnu á vegum félagsins. T.d. í 3 daga þar sem hægt væri að nýta vettang – s.s. Horizon Wimba – sem notað er í KHÍ. Kristján lagði til að nýta póstlista félagsins til að greiða atkvæði um ýmis málefni en Salvör taldi æskilegt að sá hópur væri fyrst stækkaður og póstlistinn endurnýjaður. Umræða varð um að gera þyrfti átak í félagatali og sagðist Sólveig J ætla að reyna að sinna þeim málum. Hallur vildi að leitað væri leiða til að nýta það fé sem félagið ætti. Björn og Fjalar studd að komið yrði á netráðstefnu. Hallur og Kristján ætluðu að skoða framhaldsskólann og hvort hægt yrði að leggja pening í námskeið, a.m.k. 2 á ári fyrir kennara á því skólastigi. Salvör kom fram með þá hugmynd að styrkja myndbandsgerð. Hallur lagði til að sótt yrði einnig um fé til annarra aðila s.s. kennarafélaga og Salvör lagði til að haldin yrði netráðstefna á tæknisviði Kristjáns og Halls. Á hinn bóginn var nefnt að þeim sem störfuð í grunnskólanum fyndist félagið mjög framhaldskólamiðað. Fjallað var um nýsköpunarmál. Hallur minnti á forritunarkeppni framhaldsskólanna og að halda keppni í Iðnskólanum í vefsíðugerð. Sólveig F nefndi möguleika á vélritunarkeppni. Björn taldi að það að halda keppni ýtti við skólum og núna væru t.d. sjávarútvegsfyrirtæki að styrkja slíkt starf. Salvör taldi slíkt vítamínsprautu og að akkur væri að samstarfi við ráðuneyti í því samhengi. Spurning væri um vettvang birtingar á efni og hugsanlega tengingu við nýsköpunarkeppni. En nefnt var að margir grunnskóllar hefðu ekki tök á slíkri kennslu og sums staðar væru tæknileg vandamál. Dæmi var nefnt um útsendingar frá Grænlandi (Ísbjarnarverkefni) í því samhengi en helsta vandamálið í tengslum við það verkefni var að netútsendingar virkuðu ekki á grunnskólanetinu vegna öryggismála. Margra daga viðræður voru við kerfisstjóra um málið en samt var lokað fyrir allt streymi. Nýsköpun geti átt erfitt uppdráttar við slíkar aðstæður. Kristján nefndi nýsköpunarverkefni þar sem margir grunnskólar (20+) kepptu í forritun á legovélmennum, verkefni á vegum Marell. Fór sigurliðið (Smáraskóla) til Noregs og kepptu í höfuðstöðvum Statoil. Salvör taldi stýringar forritun mikilvægar og vilji væri til að setja upp svoleiðis við KHÍ og t.d. kynna kennaranemum forritun með Lego. Sólveig F taldi að það gæti verið vandamál að kennslan helgaðist mjög af námskrám og þá gæti verið erfiðara

um vik. En rætt var um að þarna væri vaxtarbroddur sem þyrfti að hlúa að á öllum skólastigum. 3f gæti stutt við - t.d.með námskeiði fyrir kennara. Hallur, nefndi að endurmenntun væri sótt í gegnum háskólann en 3f gæti tekið grunnskólakennara inn á slík námskeið og reynt að sníða þau til eftir þörfum. Önnur mál sem nefnd voru að félagið þyrfti að taka upp á sína arma væri stafræn gjá og aðgengismál t.d. fyrir fatlaðra og siðferðismál í tengslum við net- og tölvunotkun. Rætt var um að félagið þyrfti að skapa sterkari vettvang til skoðanaskipta.

Fundi var slitið rétt fyrir kl. 18.

Ritari Sólveig Jakobsdóttir.